

Minjaráð Austurlands
fundur 9. desember 2020
Fjarfundur á Teams

Mættir: Þuríður Elísa Harðardóttir, form. og minjavörður Austurlands, Skúli Björn Gunnarsson, Andrés Skúlason, Eyrún Helga Ævarsdóttir, Marinó Stefánsson varam., Elsa Guðný Björgvinsdóttir varm. Eyrún Þóra Guðmundsdóttir nýr varafulltrúi skipuð af Minjastofnun Íslands sat fundinn einnig.

Forföll boðuðu: Rannveig Þórhallsdóttir varm., og Kristjana Louise Friðbjarnardóttir.

Þuríður setti fund kl. 10.10 og gengið var til dagskrár.

Eyrún Þóra Guðmundsdóttir, yfirlandvörður í Skaftafelli í Vatnajökulsþjóðgarði, var boðin velkomin sem nýr varafulltrúi í minjaráðið í stað Helgu Árnadóttur.

1. Síðasta fundargerð

Þuríður fór yfir fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir og fundargerðin samþykkt.

2. Smáforritið Muninn

Þuríður sagði frá Muninn, smáforritinu sem Minjastofnun hefur unnið að með St. Andrews-háskólanum í tengslum við CINE-verkefnið. Forritið er nú tilbúið í beta-gerð fyrir Android síma í gegnum Playstore. Þuríður hvatti minjaráðsfulltrúa til að prófa forritið sem á að auðvelda almenningi að miðla upplýsingum um fornleifar til Minjastofnunar. Markmiðið er að ná að prófa virknina á næstu mánuðum og endurbæta þá forritið áður en það verður kynnt opinberlega.

3. Ársfundur Minjastofnunar

Ársfundur Minjastofnunar fór fram í gegnum Zoom þann 26. nóvember sl. þar sem Þorsteinn Gunnarsson arkitekt var heiðraður fyrir sitt framlag til minjaverndar. Upptöku af fundinum má nálgast á heimasíðu Minjastofnunar.

4. Heildarstefna

Ný heildarstefna um varðveislu og aðgengi að menningararfinum sem Minjastofnun og fleiri hafa unnið að er tilbúin og verður kynnt á næstunni. Í framhaldi af þeirri vinnu mun vera farið í gerð næstu stefnu sem snýr að menningarminjum.

5. Skráningarverkefni á Austurlandi

Andrés spurði hvort að einhver stór verkefni í fornleifaskráningu stæðu yfir á Austurlandi. Þuríður sagði ekki svo vera. Umræður um stöðu fornleifaskráningar í landshlutanum og samstarf á milli stofnana varðandi menningarminjar- og náttúruminjar fylgdu í kjölfarið.

6. CINE verkefnið

Skúli Björn sagði lítilliga frá CINE verkefninu, sem bæði Gunnarsstofnun og Minjastofnun eiga aðild að, en því líkur um áramót. Hann sýndi m.a kortlagningu sem farið hefur fram varðandi klausturjarðir um allt Austurland og myndefni sem tekið hefur verið í tengslum við það með dróna.

7. Notkun málmleitartækja

Umræða spannst um notkun málmleitartækja við leit að fornleifum og þær reglur sem gilda um slíkt hér á landi.

8. Sarpur

Elsa Guðný sagði frá því að söfnin væru að móta framtíðarsýn fyrir Sarp, s.s. varðandi viðmót og tækniviðbætur, og hvatti minjaráðsfulltrúa að heyra í sér ef þeir hefðu eitthvað fram að færa í þeim efnum.

9. Fiskeldi í Seyðisfirði

Andrés spurði um aðkomu Minjastofnunar vegna fiskeldis, t.d. í Seyðisfirði. Þuríður sagði að stofnunin veitti umsögn í umhverfismatsferlinu og að í sumum tilfellum væri farið fram á skráningu á hafsbotninum til að kanna hvort að minjar kunni að vera í hættu. Mótun verklagsreglna um skráningar og rannsóknir á hafsbotninum eru í vinnslu hjá Minjastofnun.

10. Næsti fundur

Næsti fundur er áætlaður 3. mars og reiknað er með að hafa fjarfund þá en snertifund í júní.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11.10.

Þuríður E. Harðardóttir

Skúli B. Gunnarsson
ritaði fundargerð

Elsa Guðný Björgvinsdóttir

Marinó Stefánsson

Andrés Skúlason

Eyrún Helga Ævarsdóttir

Eyrún Þóra Guðmundsdóttir